

Skipulagsstofnun
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. september 2008
Tilvísun: 2008060006
Bréfalykill: 22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: Frekari umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir stækkun Reykjanesvirkjunar og frekari nýtingu jarðhitavökva.

Með bréfi frá Skipulagsstofnun, dags. 26. ágúst 2008, er óskað eftir því að Orkustofnun veiti frekari umsögn um ofangreint málefni í ljósi svara Hitaveitu Suðurnesja. Fulltrúar Orkustofnunar og Hitaveitu Suðurnesja ásamt ráðgjöfum þeirra hittust á fundi í Reykjanesbæ þann 11. ágúst 2008 þar sem farið var yfir stöðu málsins. Með bréfi Skipulagsstofnunar fylgdu bréf VSÓ-ráðgjafar, dags. 20. ágúst 2008, þar sem kynnt er breyting á tillögu að matsáætlun ásamt bréfi frá Verkfræðistofnunni Vatnaskil, dags. 13. ágúst 2008 og minnisblað frá ÍSOR, dags. 14. ágúst 2008.

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, er sú skylda lögð á framkvæmdaraðila að kynna tillögu að matsáætlun fyrir umsagnaraðilum áður en tillagan er send Skipulagsstofnun. Þessi lögboðna skylda er einnig ítrekuð í 14. gr. reglugerðar nr. 1123/2005, um mat á umhverfisáhrifum. Orkustofnun vekur athygli á að Hitaveita Suðurnesja leitaði ekki samráðs Orkustofnunar á fyrri stigum málsins eins og lög kveða á um og því hefur stofnuninni ekki gefist kostur á að kynna sér tillöguna og um leið koma á framfæri athugasemdum um hana fyrr en þess var óskað af hálfu Skipulagsstofnunar.

Orkustofnun annast stjórnslu orkumála Íslands í umboði stjórnvalda og leggur þeim ráð í þeim efnum, skv. 2. gr. laga nr. 87/2003. Orkubúskapur þjóðarinnar og hagnýting orkulinda er því eitt af þeim viðfangsefnum sem Orkustofnun lætur sig varða. Það er því hlutverk Orkustofnunar meðal annars að tryggja að hér á landi sé ábyrg stjórnslu til staðar í orkumálum þar sem þjóðarhagsmunir til lengri tíma eru hafðir að leiðarljósi.

Í samræmi við lögboðið hlutverk Orkustofnunar fjallaði umsögn Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun fyrst og fremst um áhrif á jarðhita- og ferskvatnsauðlindir og hugsanleg áhrif á nýtingu annarra á þessum auðlindum, dags. 7. ágúst 2008. Ekki má skilja umsögn Orkustofnunar þannig að hún leggist gegn frekari virkjun jarðvarma á þessu svæði, heldur að Orkustofnun telji ótímabært að auka upptöku hrávarma úr jarðhitakerfinu og því verði stækkun Reykjanesvirkjunar að rúmast innan núverandi nýtingarleyfis uns nægar upplýsingar liggi fyrir til þess að hægt sé að leggja mat á hvaða áhrif aukin upptaka hefði á jarðhitakerfið. Orkustofnun mælir því ekki með stækkun Reykjanesvirkjunar ef frekari hrávarmaupptöku er þörf að sinni. Meginforsenda þeirrar niðurstöðu Orkustofnunar er sú hraða þrýstingslækkun sem átt hefur sér stað á vinnslusvæðinu frá því að Reykjanesvirkjun var gangsett á vormánuðum 2006. Þær takmörkuðu upplýsingar sem til staðar eru um þrýstingslækkun

benda ekki til annars en að lækkunin sé ennþá mjög hröð og það er einmitt sú staðreynd sem aðgreinir þetta tilvik frá öðrum jarðvarmavirkjunum sem tilgreindar eru í ofangreindum bréfum. Það sem að mati Orkustofnunar þarf er í raun lengri vinnslusaga og frekari upplýsingar um stöðu eðlisástandsins í jarðhitakerfinu.

Í breyttri tillögu að matsáætlun eru tilgreindir þrjár framkvæmdakostir:

1. Stækkun Reykjanesvirkjunar um 50 MWe, sem felur í sér um 400 MW upptöku hrávarma, auk 30 - 50 MWe tvíþrýstipækilvirkjunar.
2. Stækkun Reykjanesvirkjunar um 50 MWe, sem felur í sér 250 til 300 MW upptöku hrávarma, auk 30 - 50 MWe tvíþrýstipækilvirkjunar.
3. Núllkostur, sem felur í sér að ekki verði ráðist í stækkun Reykjanesvirkjunar.


Að mati Orkustofnunar þyrfti að tilgreina upptöku heildarhrávarma í stað afstæðrar aukningar þar sem að mati Hitaveitu Suðurnesja muni núverandi nýtingarleyfi ekki vera fullnýtt þegar kemur að gangsetningu fyrirhugaðrar virkjunar. Auk þess telur Orkustofnun eðlilegra að annar framkvæmdakostur miðist við stækkun Reykjanesvirkjunar innan gildandi nýtingarleyfis og leggur til að eftirfarandi framkvæmdakostur verði skoðaður:

“Aukning raforkuframleiðslu innan 1000 MW af nettó hrávarmatöku úr jarðhitakerfinu í samræmi við gildandi nýtingarleyfi, dags. 2. apríl 2004, fyrir virkjun jarðhita á Reykjanesi”.

Niðurstaða:

Orkustofnun hefur rýnt gögn um þá þætti er varðar jarðhita- og ferskvatnsauðlindir í ljósi breytinga á tillögu að matsáætlun. Engar upplýsingar hafa verið lagðar fram sem breyta því mati Orkustofnunar að ótímabært sé að stækka Reykjanesvirkjun ef frekari hrávarmaupptöku er þörf. Ekki má skilja umsögn Orkustofnunar þannig að hún leggist gegn frekari virkjun jarðvarma á þessu svæði, heldur að Orkustofnun telji ótímabært að auka hrávarmavinnslu úr jarðhitakerfinu og því verði stækkun Reykjanesvirkjunar að rúmast innan núverandi nýtingarleyfis uns nægar upplýsingar liggi fyrir til þess að hægt sé að leggja mat á hvaða áhrif aukin hrávarmataka hefði á jarðhitakerfið. Þar koma ýmsir möguleikar til greina sem tilgreindir voru í fyrri umsögn Orkustofnunar. Orkustofnun telur því eðlilegt að einn framkvæmdakosta sem tekinn verði fyrir í frummatsskýrslu sé frekari raforkuframleiðsla á Reykjanesi innan gildandi nýtingarleyfis.

Orkustofnun telur ótímabært að auka hrávarmaupptöku og mælir því ekki með stækkun Reykjanesvirkjunar ef frekari upptöku hrávarma er þörf.


Guðni A. Jóhannesson
Orkumálastjóri

Virðingarfyllst


Jónas Ketilsson
Jarðhitasérfræðingur